



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Að móta vitund þjóðar er fáum gefið. Flestir verða að lúta þeim vindum sem blása hverju sinni. Þó koma á stundum þeir tímar að máttur samtaka nær að beisla tíðarandann og snúa honum sér í hag.

Sjálfsbjörg hefur vissulega átt á brattann að sækja og erfiðleikar oft virst óviðráðanlegir. Samt er það svo að á merkum tímamótum blasir við sú staðreynd að Sjálfsbjörg er orðin hluti af þjóðarvitund Íslendinga.

Sjálfsbjörg er í senn samvíska okkar og brýning til frekari dáða. Landssamband fatlaðra hefur smíðað þjóðinni verkefnaskrá sem er viðurkennd sem mælistika árangurs. Boðskapur Sjálfsbjargar er vitnisburður um hvort veruleikinn sé í samræmi við þá sjálfsmynd velferðar og framfara sem við viljum halda í heiðri.

Það er gæfa að hljóta slíkan sess í hugum þjóðar og hún veitir ríkuleg tækifæri til frekari sóknar.

Þótt mótvindurinn geti virst ærið sterkur þá er unnt að sækja nýjan þrótt í velvildina og virðinguna sem Sjálfsbjörg nýtur meðal Íslendinga.

Á afmælisári færi ég Sjálfsbjörgu árnaðaróskir og einlægar þakkir þjóðarinnar fyrir að hafa breytt lífsviðhorfi okkar á betri veg.

(undirskrift)